

# Þjálfun vegna raunfærnimats

## Námskeið 16. og 17. febrúar 2012



Sendandi: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins  
Janúar 2012

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun bjóða upp á námskeið um raunfærnimat 16. - 17. febrúar 2012. Námskeiðin eru ætluð fagaðilum, náms- og starfsráðgjöfum og verkefnisstjórum sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Ekkert námskeiðsgjald er greitt, en FA greiðir hvorki fyrir ferðir né uppihald þátttakenda.

Fyrri daginn hefst námskeiðið kl. 10.15 og er það hugsað til að þátttakendur af landsbyggðinni eigi möguleika á að koma samdægurs. Nánari upplýsingar um tíma er að finna í drögum að dagskrá. Seinni daginn byrjum við kl. 9.00.

### Námskeiðslýsing

Tilgangur námskeiðanna er að kynna fyrir þátttakendum hugtakið raunfærnimat og þjálfna þá í því að vinna við raunfærnimat samkvæmt því ferli sem þróað hefur verið hér á landi. Námskeiðið er liður í því að formfesta raunfærnimatsferlið, stuðla að gæðum og mæta síauknum þörfum. Námskeiðið er samtals 15 kennslustundir.

### Leiðir á námskeiðinu

Á námskeiðinu verður farið yfir þróun raunfærnimats og fyrirbærið skilgreint. Farið verður yfir það raunfærnimatsferli sem þróað hefur verið hér á landi og greiningardæmi til glöggvunar á framkvæmd þess. Lögð er áhersla á almenna virkni þátttakenda í gegnum umræður og æfingar í hópum þar sem þátttakendur fá tækifæri til að byggja upp færni í að meta raunfærni á uppbyggilegan og réttmætan hátt og finna lausnir á álitamálum.

### Ný reglugerð

Nýlega er komin út reglugerð vegna framhaldsfræðslulaga og þar segir m.a: Sérfræðingar sem annast raunfærnimat skulu hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar í mati á raunfærni samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þessar kröfur liggja ekki fyrir en unnið er að mótun þeirra í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

### Skráning

Sendið upplýsingar á netfangið [haukur@frae.is](mailto:haukur@frae.is) um eftirfarandi atriði

Nafn þess sem sækir námskeiðið	Kennitölu viðkomandi	Í gegnum hvaða aðila er viðkomandi sendur. (símenntunarmiðstöð/skóli/stofnun/ annað)
--------------------------------	----------------------	--

Nánari upplýsingar veitir Haukur Harðarson, [haukur@frae.is](mailto:haukur@frae.is)

Kær kveðja  
Haukur Harðarson  
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

# Þjálfun matsaðila í raunfærnimati 16. og 17. febrúar 2012

## Fimmtudagur 16. febrúar 2012

Kl. 10.15 - 11.00	Raunfærni - Forsaga og skilgreining á hugtakinu Haukur Harðarson – Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Kl. 11.00 – 11.10	Örstutt kaffi
Kl. 11:10 - 12:00	Raunfærnimatsferlið: Framkvæmd og aðferðafræði Haukur Harðarson
Kl. 12:00 - 13:00	Hádegishlé
Kl. 13:00 -13.45	Handbók fyrir matsaðila, lög og reglugerðir og önnur gögn Haukur Harðarson
Kl. 13:45 - 14.30	Reynsla matsaðila Jón Eiríkur Guðmundsson - Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins
Kl. 14:30 - 14:45	Kaffihlé
Kl. 14:45 - 16.15	Samtalstækni Fjóra María Lárusdóttir – Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Kl. 16.15 - 16.30	Samantekt frá fyrsta degi Haukur Harðarson – Fjóra María Lárusdóttir

## Föstudagur 17. febrúar 2012

Kl. 09:00 - 10:00	Sýn þátttakenda Egill Þórarinnsson - húsmiður
Kl. 10.00 - 10.30	Verkefnavinna Haukur Harðarson
Kl. 10:30 - 10:45	Kaffihlé
Kl. 10.45 - 12.00	Hlutverk og færni verkefnisstjóra Haukur Harðarson
Kl. 12:00 - 13:00	Hádegishlé
Kl. 13:00 - 14:00	Hlutverk og færni náms- og starfsráðgjafa IÐAN – fræðslusetur
Kl. 14:00 - 14:20	Kaffi
Kl. 14:00 - 15:00	Verkefnavinna
Kl. 15:00 - 15.45	Samantekt og umræður
Kl. 15:45 - 16:00	Námskeiðsmat

Athugið: Einstakir dagskrárliðir geta færst til við endanlega skipulagningu.

Haukur Harðarson  
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins